

## Fundargerð hreppsnefndar 26. október 2017

Fundur nr. 69 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 26. október 2017 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Bárður Jónasson, Sigríður Bragadóttir og Sigurjón Haukur Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. 1. Fundargerðir:

a) Ungmennaráðs Vopnafjarðar dags. 25. september og 18. október 2017

Sveitastjórn fagnar að ungmennaráð sveitarfélagsins skuli hafa tekið til starfa. Fundargerð dags. 25. september samhljóða samþykkt. Fundargerð dags. 18. október síðan samhljóða samþykkt.

b) Velferðarnefndar dags. 25. september 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c) Fræðslunefndar dags. 11. október 2017

Sigríður Bragadóttir óskaði eftir að gerð væri eftirfandi bókun undir 1. mgr. 2. tl. fundargerðar: „Hver eru rökin að baki efasemdum um akstur leikskólabarna?“ Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

d) Hafnarnefndar dags. 24. október 2017

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir gjaldskrá hafnarinnar sem síðan var til umræðu. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

e) 137. fundar stjórnar HAUST

Lagt fram til kynningar.

## 1. 2. Almenn mál:

a) Álagning gjalda fyrir árið 2018

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og fór yfir helstu tölur. Fram fór umræða um einstaka liði. Bar oddviti síðan upp til samþykktar 3% hækkun gjaldskrár grunn-, leik- og tónlistarskóla, Sundabúðar, Miklagarðs og sorphirðu og 6% hækkun húsaleigu. Samhljóða samþykkt. Síðan borið upp til samþykktar álagningareglur fasteignagjalda fyrir árið 2018, samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir að úsvarshlutfall fyrir árið 2018 verði 14,52%.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkti að fasteignagjöld fyrir árið 2018 verði lögð á sem hér segir:

Fasteignaskattur á :

1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. **0,55%** af heildarfasteignamati

2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. **1,65%** af heildarfasteignamati

3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn. **1,32%** af heildarfasteignamati

Vatnsgjald nemi **0,3 %** af fasteignamati húss. Aukavatnsgjald skv. mæli skv. gjaldskrár grunni kr. 35 fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við grunnvísitölu byggingarkostnaðar 115,5 stig í okt. 2012. Uppfært gjald fyrir árið 2018 pr/m<sup>3</sup> miðað við grunnvísitölu byggingarkostnaðar í október 2017 **kr. 42** fyrir hvern rúmmetra vatns.

Holræsagjald nemi **0,32 %** af heildarfasteignamati.

Lóðarleiga verði **2,0 %** af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir á grundvelli laga nr. 81./1988 IV. kafla 22. gr. að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2018. Hvort gjald um sig skal vera **kr. 12.930,-** á íbúð eða samtals **kr. 25.860,-** Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

b) Framlagning kjörskrár í Vopnafjarðarhreppi vegna alþingiskosninga 28. október 2017

Bókun vegna afgreiðslu kjörskrár:

„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 28. október nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.“ Samhljóða samþykkt.

c) Drög að samningi milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar um fjárstyrk vegna undirbúnings gerðar stórskipahafnar í Finnafirði.

Lögð fram drög að samningi milli innaríkisráðuneytisins, Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar vegna aðkomu og endurgreiðslu ríkisins á útlögðum kostnaði sveitarfélagsins á kostnaði við undirbúning stórskipahafnar í Finnafirði.

**Samþykkt um bókun:** Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við ráðuneytið á grundvelli framlagðra samningsdraga. Samhljóða samþykkt.

d) Minnispunktar af fundi tengiliðahóps um opinber innkaup

Lagt fram til kynningar.

e) 100 ára afmæli fullveldi Íslands

Lagt fram til kynningar.

f) Ályktanir aðalfundar SSA 2017

Lagt fram til kynningar.

g) Kosning fulltrúa á aðalfund HAUST 2017 sem haldinn verður á Vopnafirði 1. nóvember nk.

Samhljóða samþykkt að fulltrúi Vopnafjarðarhrepps verði Eyjólfur Sigurðsson.

### 1. 3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu, fundi sem haldinn var þann 11. október sl. Samhljóða samþykkt að skipa Stefán Grím Rafnsson í starfshópinn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:40.

[Eylgigögn fundar 261017 - 3.pdf](#)